

verði til þessa 400—500 rd. af því fè, sem í fjárlögunum er veitt til óvissra gjalda handa Íslandi, þannig að upphæð þessi yrði fengin stiptsyfirvöldunum til umráða til að útbýta henni á þann hátt, er þau álitu réttast, og ættu þau síðan að gjöra stjórnarráðinu skil fyrir, hvernig fènu hefði verið varið.

Um þetta efni skal yður nú kunngjört, að eptir því, sem sagt er í áður greindu bréfi stjórnarráðsins, 22. janúarm. 1861, getur ekki orðið umtalsmál að útvega neinn styrk úr ríkissjóðnum í þessu skyni, og að fara skal eptir þeim reglum, sem þar eru teknar fram, viðvíkjandi endurreisn þeirra ásauðarkúgilda, sem enn vantar. Skorar stjórnarráðið hérmeð á yður, herra stiptamtmaður, og yður, háæruverðugi herra, að annast um, að kúgildunum þannig verði komið upp svo bráðlega, sem unnt er, og að það verði fullbúið fyrir lok ársins 1864; vonast og stjórnarráðið eptir að fá þá skýrslu um þetta.

1863.
8. júlím.

48. Bréf kirkju- og kennslustjórnarinnar til stiptsyfirvaldanna á Íslandi, um menn úr heimaskóla, er gengu undir burtfararpróf við hinn lærða skóla í Reykjavík.

10. júlím.

Bjarni Johnsen, skólameistari hins lærða skóla í Reykjavík, hafði spurt um, hvort 3 menn úr heimaskóla, sem þetta ár höfðu beiðzt að mega ganga undir burtfararpróf við skólann, mættu fá leyfi til að ganga undir próf þetta, þó að þeir menn, er höfðu gefið þeim dimissions-vitnisburði, ekki hafi öðlazz háskólaborgara réttindi; útaf þessu hafið þér, herra stiptamtmaður, og þér, háæruverðugi herra, skýrt frá því í bréfi 17. f. m. að þér, eptir því, sem ástatt var, og einkum fyrir þá sök, að hlutadeigendur þegar höfðu lokið hinu skriflega prófinu, hafið leyft, að þeir einnig mættu ganga undir hinn munnlega hluta prófsins, en þó skyldi það komið undir úrskurði stjórnarráðsins, hvort þeir með því að útskrifast á þenna hátt öðluðust þau hin sömu réttindi, sem þeir menn hafa, er útskrifast úr skólanum, einkum ef svo færi, að þeir hældu áfram bókiðnum sínum við Kaupmannahafnar

1863. háskóla; hafið þér og stungið uppá, að við svo búið megi standa, með því slíkt muni varla optar fyrir koma.

Í þessu efni skal yður til vitundar gefið, yður til leiðbeiningar, og til þess þér kunngjörð það, að stjórnarráðið leggur samþykki á, að þér hafið veitt leyfi það, sem hér er um rætt, og að menn þeir, sem hlut eiga að máli, ef þeir standast prófið, eiga kost á að verða aðnjótandi allra þeirra réttinda, sem þeir hafa, er tekið hafa burtfararpróf við hinn lærða skóla í Reykjavík.

10. júlím. **49. Bréf kirkju- og kennslustjórnarinnar til stiptsyfirvaldanna á Íslandi, um borgun til prófaste fyrir úttekt á braudum.**

Útaf því, að E. S. Einarsen héraðsprófastur hefir reiknað sér borgun fyrir þrjár úttektargjörðir eptir hliðsjón af aukatekju-reglugjörð fyrir Ísland frá 10. september 1830, með 10 rdl. 48 sk., og látið það álit sitt í ljósi, að ef reikna ætti borgun fyrir gjörðir þessar eptir tilsk. 24. júlím. 1789 6. gr., þá ætti það að vera á þann hátt, að borgun sú, sem þar er ákveðin, sé reiknuð til álna eptir fornu verðlagi, hver alin talin $4\frac{1}{2}$ sk., og sú álnatala, er þannig fæst, aptur reiknuð til peninga eptir hinni gildandi verðlagsskrá, — hafið þér, herra stiptamtmaður, og þér, háæruverðugi herra, í bréfi 6. máím. þ. á. getið þess, að eigi sé lagaheimild fyrir því að reikna borgunina á þann hátt, sem Einarsen prófastur hefir gjört, heldur hafi átt að reikna borgun fyrir gjörðir þessar, svo sem Jón prestur Guttormsson, sem þær voru framkvæmdar fyrir, hafði heimtað, eptir tilskipun 24. júlím. 1789, 6. grein; hafið þér því skorað á stjórnarráðið að lýsa því yfir, hvort áðurgreind ákvörðun um borgun til prófaste fyrir úttekt á stöðum á Íslandi hafi eigi enn lagagildi, og ef svo sé, hvort þá sé rétt að breyta borguninni á þann hátt, sem Einarsen prófastur hefir farið fram á.

Í þessu efni kunngjörir stjórnarráðið yður, yður til leiðbeiningar og til þess þér auglýsið það, að engin heimild er til að gjöra út um það atriði, sem hér er um rætt, á þann hátt,